

**150. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
7. apríl 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundur haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 2012179 - Frístundastarf allt lífið**

Frístundastarf allt lífið, sameiginlegt mál skóla- og frístundaráðs og velferðar- og mannréttindaráðs. Eygló Rúnarsdóttir aðjunkt og Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir lektor á Menntavísindasviði, deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda mæta á fundinn og kynna faglegar áherslur í frístundastarfi fyrir alla aldurshópa.

Skóla- og frístundaráð og velferðar- og mannréttindaráð býður Ungmennaráði, Öldungaráði, Notendaráði, starfsmönnum á sviðunum og fulltrúum í bæjarstjórn að sitja fundinn undir þessu máli.

*Sameiginlegt mál velferðar- og mannréttindaráðs og skóla- og frístundaráðs. Undir þessu máli sátu aðrir fulltrúar úr bæjarstjórn, bæjarstjóri, fulltrúar í Öldungaráði, Ungmennaráði, Notendaráði málefna fatlaðs fólks ásamt starfsmönnum skóla- og frístundasviðs og velferðar- og mannréttindasviðs.*

*Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Eygló Rúnarsdóttur aðjunkt og Halldóru Vöndu Sigurgeirsdóttur lektor á Menntavísindasviði fyrir kynninguna og öðrum aðilum sem sátu fundinn fyrir góðar umræður.*

**2. 2102339 - Styðjandi samfélag fyrir fólk með heilabilun**

Kynning frá Alzheimer samtökunum um verkefnið Styðjandi samfélag fyrir fólk með heilabilun. Velferðar- og mannréttindaráð bauð Öldungaráði, starfsmönnum sviðsins og fulltrúum í bæjarstjórn að sitja fundinn undir þessu máli.

*Vilborg Gunnarsdóttir framkvæmdarstjóri Alzheimer samtakanna kynnti verkefnið Styðjandi samfélag fyrir fólk með heilabilun og innleiðingu þess í sveitarfélögum. Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Vilborgu fyrir góða kynningu á verkefninu og öðrum aðilum sem sátu fundinn fyrir góðar umræður.*

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti. KHS, AÞÞ, EB, SK og SH.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.**

